

# MYNDBANDAGERÐ Í TUNGUMÁLANÁMI

LEIÐBEININGARIT



Education and Culture DG  
Lifelong Learning Programme

# EFNISYFIRLIT

„BLAÐSÍÐA“

Inngangur	02
Dæmi	
Ljósmyndasaga	04
Orðamyndskeið	07
Skólakynningar	10
Sviðsetning	13
Sjónvarpsfréttir	16
Tæknilegur stuðningur	19

# INNGANGUR

**Leiðbeiningariti** þessu er ætlað að sýna hvernig hægt er að nýta myndbönd á margvíslegan hátt til þess að styðja við tungumálakennslu og auka fjölbreytni hennar í kennslustofunni.

Í ritinu er að finna fjöldann allan af sýnidæmum sem gagnast geta bæði byrjendum og margreyndum kennurum sem nýta sér kosti myndbanda við kennslu. Ritið er þó í raun aðeins útdráttur úr öllu því efni sem samið hefur verið.

Þú getur farið á Netið til þess að ná þér í fleiri hugmyndir og dæmi en einnig til þess að kynna þér forsendur verkefnisins. Slóðin er: [www.divisproject.eu](http://www.divisproject.eu)

Öll dæmin í bæklingnum hafa verið reynd í kennslu til þess að tryggja að auðvelt sé að fella þau að hefðbundnum kennsluverkefnum, samtímis því að unnið er með tungumál og tækniþætti á ýmsum stigum.

Yfirleitt er allur sá búnaður sem krafist er fyrir hendi í skólum og það er alls ekki nauðsynlegt að búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á tækniþáttum til þess að hefjast handa.

Öll dæmin sem við sýnum eru hönnuð með það fyrir augum að hægt sé að vinna mikinn hluta verksins utan skólatíma eða sem heimaverkefni.

Þú getur nýtt þér yfirlitið sem hugmyndabanka til þess að koma þér í gang og auka við færni þína á sviði tungumálakennslu með hjálp myndbanda.




Hér er að finna dæmi sem henta á öllum stigum námsins en ráðlegt er að byrja á einfaldari æfingunum og byggja þannig færni upp smám saman.

Þú og nemendurnir eiga vonandi eftir að hafa bæði gagn og gaman af því að vinna með hugmyndir okkar og tillögur og það væri gaman að fá viðbrögð við efninu, tillögur og hugmyndir.

Á vefsetri Divis er að finna samskiptaeyðublað. Slóðin er: [www.divisproject.eu](http://www.divisproject.eu)

Hafðu vinsamlegast samband ef þú þarft að spyrja einhvers, lendir í vanda eða vilt koma með athugasemd.



# LJÓSMYNDASAGA

**Í ljósmyndasögum** er blandað saman kyrrmyndum og texta til þess að segja smásögu. Nemendurnir notfæra sér einfalda tækni, stafræna ljósmyndun og PowerPoint, og beita grunnþekkingu sinni í tungumálinu til þess að búa til fjölmiðlunartexta.

Ljósmyndasagan er mjög hvetjandi verkefni fyrir bæði nemendur og kennara í tungumálum. Hún er líka góður undirbúningur fyrir gerð myndbanda.

## LÝSING

Ljósmyndasögur eru skemmtileg og auðveld leið til þess að kynna bæði kennurum og nemendum grunnþættina við að búa til myndbönd í tungumálakennslu.

Þar er að finna mikilvæga þætti myndbandagerðar, til dæmis að semja, mynda og klippa, þótt notast sé við einfaldar aðferðir á borð við stafræna ljósmyndun og PowerPoint. Þú öðlast því ekki sömu færni í meðferð stafrænna tækja og við gerð myndbanda.

Ljósmyndasagan gerir kennaranum mögulegt að kynna nemendum grunnþætti myndbandagerðar. Kennarinn ræður þó þeim tíma sem í það fer því ekki er nauðsynlegt að fjalla um grunnþættina í tungumálatímum þar sem tími er naumur.

# Kennsluáætlun


Ítarlegri gögn er að finna á Netinu:  
<http://divisproject.eu>

<b>Markhópur</b>	Aldurshópurinn: 14 til 18 ára
<b>Nauðsynleg tungumálakunnátta</b>	A1
<b>Nauðsynleg færni (stafræn vinnsla)</b>	Engin
<b>Námismarkmið (í tungumálinu)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nota óformlegan daglegan orðaforða í raunaðstæðum</li> <li>• Að kynnst nýrri tegund texta</li> </ul>
<b>Námismarkmið (í stafrænni vinnslu)</b>	<p>Grunnþekking á gerð myndbanda:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að búa til sögu</li> <li>• Að semja samtöl</li> <li>• Að taka stafrænar ljósmyndir</li> <li>• Að færa myndir yfir í tölvu</li> <li>• Að þjálfa færni í klippingum</li> <li>• Að bæta talblöðrum við myndir</li> </ul>
<b>Nauðsynlegur búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að minnsta kosti ein stafræn myndavél</li> <li>• PowerPoint/Photo Story hugbúnaður</li> <li>• Skjávarpi til að sýna árangurinn</li> </ul>


## Dæmi



**Byrjendur** - Að búa til ljósmyndasögu með PowerPoint (myndir og texti).



**Millistig** - Að búa til ljósmyndasögu með hugbúnaði að eigin vali, t.d. Photo Story (myndir, texti og hljóðspor)



**Framhaldsstig** - Að búa til ljósmyndasögu með klippihugbúnaði á borð við Moviemaker (myndir, texti og hljóðspor).



# ORÐAMYNDSKEIÐ

**Orðamyndskeið** eru sérstaklega hugsuð fyrir yngri bekki grunnskóla. Teknar eru myndir af orðum og orðasamböndum í stuttum og einföldum myndböndum. Hægt er að búa til sinn eigin myndorðabanka á Netinu í samstarfi við aðra nemendur og kennara um heim allan.

## Lýsing

Nemendurnir kynna nokkur orð í ákveðnu tungumáli með aðstoð tökuvélar. Hugmyndin er einföld og hægt er að hrinda henni í framkvæmd með lágmarksbúnaði í skólastofunni.

Verkið er auðvelt og bráðskemmtilegt!

Orðamyndskeið er ætluð jafnt móðurmálskennurum og þeim sem kenna erlend tungumál. Nemendur geta kynnt bæði móðurmálið og erlend tungumál sem þeir eru að læra. Grunnhugmynd myndbandsorða er sú að skiptast á efni og við gefum kennurum kost á því að hlaða upp myndum sínum og deila þeim með öðrum.

Orðamyndskeið eru mikilvægt framlag til fjölmenningar og fjölmiðlafræðslu en líka öflug hvatning fyrir tungumálanemendur. Væri ekki miklu skemmtilegra að sjá spænsk börn kynna sitt eigið tungumál með myndum úr daglegu lífi í stað þess að lesa bara um málið í skólabókum? Hægt er að velja orð í tengslum við þema sem verið er að vinna með eða tengja þau orðum og þemum sem aðrir nemendur hafa þegar lagt fram. (Kynntu þér dæmi okkar af mismunandi námsstigum).

# Kennsluáætlun

Ítarlegri gögn er að  
finna á Netinu:  
<http://divisproject.eu>

Bls. 08

<b>Markhópur</b>	Aldurshópurinn: 6 til 12 ára
<b>Nauðsynleg tungumálakunnátta</b>	Engin
<b>Nauðsynleg færni (stafræn vinnsla)</b>	Engin
<b>Námsmarkmið (í tungumálinu)</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að kynna erlendu tungumáli (orðum og framburði)</li><li>• Að auka vitund fyrir móðurmálinu</li><li>• Að auka vitund fyrir tengslum menningar og tungu</li></ul>
<b>Námsmarkmið (í stafrænni vinnslu)</b>	<p>Grunnþekking á upptökuáætlun (myndhandriti):</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Grunnþekking í notkun tökuvéla (eða ljósmyndavélar / farsíma með myndbandstökumöguleika)</li><li>• Grunnþekking á hljóðupptöku</li><li>• Að færa myndir yfir í tölvu</li><li>• Grunnfærni í myndbandaklippingum með ókeypis hugbúnaði eins og Moviemaker eða iMovie</li><li>• Að bæta við texta og hljóðspori</li><li>• Að deila myndböndum á Netinu (YouTube)</li></ul>
<b>Nauðsynlegur búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að minnsta kosti ein stafræn myndbandstökuvél</li><li>• Hugbúnaður til að klippa myndbönd</li><li>• Skjávarpi til að sýna árangurinn</li></ul>

## Dæmi

Hægt er að búa til Orðamyndskeið á ýmsum stigum, allt eftir aldri nemenda og þeirri reynslu sem bæði kennari og nemendur hafa. Fyrir öllu er að nemendurnir búi sjálfir til myndbandsorðin. Þess vegna er skynsamlegt að byrja á einföldum æfingum og að bæta síðan við, fremur en að byrja á of flóknum hlutum sem valda nemendum bara hugarangri og gremju þannig að kennarinn verður „að klára dæmið“.

Við leggjum til eftirfarandi þrjú stig við vinnsluna:



**Byrjendur** - Bara orð (engin klipping): Þið takið einfaldlega upp orð, færið myndskaiðin inn í tölvuna (án þess að klippa þau) og hlaðið þeim umsvifalaust upp. Venjulegar ljósmyndir með myndbandsmöguleika eða vélar með flash-minniskorti eða harðan disk henta vel á þessu stigi.



**Millistig** - Klippt orð (orð með heiti og hljóðspori): Farið er að á sama hátt og á byrjendastiginu en svo er bætt við texta, undirtextum og hljóðspori í klippingunni. Hægt er að nota hvaða tökuvél sem er við verkið, auk þess sem yfirleitt er hægt að klippa efni úr eldri gerðum spóluvéla í klippihugbúnaði.



**Framhaldsstig** - Stutt grein (ritstýrð klippt orð): Mótið nokkur orðamyndskeið með hljóðspori og texta í stutta ritstýrða grein (með upphafi, viðbótarefni og sögulokum).

ulls

# SKÓLAKYNNINGAR

**Skólakynningar** Í þessum kafla er nemendum kennt að búa til kynningarmyndskleið um skóla sinn á erlendu tungumáli.

Hægt er að deila efniinu með erlendum skólum, t.d. í þeim tilgangi að finna eða kynnast samstarfsskóla. Skólakynningar geta verið mjög frumlega unnar þar sem til dæmis er sögð saga, viðtöl tekin, gerð heimildamynd eða spaugileg atriði mynduð.

## Lýsing

Verkefnið er að gera tveggja mínútna myndband til þess að kynna skólann sinn. Það eru einkum tvær ástæður fyrir því að velja þetta verkefni, staðsetning er hentug og hægt er að nýta sér útkomuna til þess að kynna skólann út á við.

Vart finnst betri leið til að kynna skólann í öðrum löndum, einkum í alþjóðlegu skólasamstarfi. Það er auðvitað bæði nemendum, kennurum, foreldrum, nærsamfélaginu og fjölmiðlum í hag.

Einnig má nota efnið á foreldrakvöldum eða á opnum degi í skólanum. Skólakynningar er góð hugmynd í kennslu erlendra tungumála því málið er notað í lifandi samhengi fyrir raunverulega áhorfendur.

# Kennsluáætlun


Ítarlegri gögn er að  
finna á Netinu:  
<http://divisproject.eu>

<b>Markhópur</b>	Aldurshópurinn: 10 til 18 ára
<b>Nauðsynleg tungumálakunnátta</b>	A2
<b>Nauðsynleg færni (stafræn vinnsla)</b>	Engin
<b>Námsmarkmið (í tungumálinu)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nota sértækan orðaforða tengdan skólanum við raunaðstæður</li> <li>• Að temja sér færni í kynningum</li> </ul>
<b>Námsmarkmið (í stafrænni vinnslu)</b>	<p>Grunnþekking á gerð myndbanda:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að búa til sögu (myndhandrit)</li> <li>• Kvikmyndun (grunnreynsla af meðferð tökuvéla)</li> <li>• Að færa myndir yfir í tölvu</li> <li>• Að klippa myndefni</li> <li>• Að deila myndböndum á Netinu (YouTube)</li> </ul>
<b>Nauðsynlegur búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að minnsta kosti ein stafræn myndbandstökuvél</li> <li>• Hugbúnaður til að klippa myndbönd</li> <li>• Skjávarpri til að sýna árangurinn</li> </ul>

## Dæmi



**Engin stigskipting** – Heimsækið vefsetur Divis Project til að kynna ykkur dæmi. <http://www.divisproject.eu>



# SVIÐSETNING

**Sviðsetning** Hvað er átt við með hugtakinu sviðsetning? Þar er átt við það hvernig nemendur geta leikið/sviðsett tilfinningar, verknaði, atvik, orðatiltæki o.s.frv. Sviðsetning er að leika eitthvað og það er gert í öruggu umhverfi þar sem nemendur geta verið eins frumlegir og skapandi og þeir vilja.

Þetta er einkum mikilvægt fyrir 13 til 18 ára unglinga sem leika fyrir bekkinn sinn (eða tökuvélina) en það getur verið mjög ógnvekjandi, einkum í fyrsta sinn. Þess vegna er byrjað á gjörningi þar sem allir geta verið óhræddir.

## Lýsing

Gott getur verið að kynna leikverkefnið með einföldu myndskeiði. Nemendurnir vinna saman í 4-5 manna hópum og semja sögu í fjórum kyrrmyndum („tableau vivant“ - myndræn uppstilling) á sérvöldum stað: umferðarmiðstöð, sundlaug, tónleikum, bíói, efnafræðitíma o.s.frv.

**Dæmi: Týnda syndskýlan.**

**Skuggamyndin er kyrrmynd, nemendur mega ekki hreyfa sig. Síðar er hægt að þróa flóknari verkefni. Í dæminu leika nemendur spakmæli á erlenda tungumálinu.**

<b>Markhópur</b>	Aldurshópurinn: 10 til 18 ára
<b>Nauðsynleg tungumálakunnátta</b>	A1
<b>Nauðsynleg færni (stafræn vinnsla)</b>	Engin
<b>Námsmarkmið (í tungumálinu)</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að kynnast grundvallarþáttum í leiklist</li><li>• Að kynnast algengum spakmælum á erlendu tungumáli eða flóknari spakmæli á móðurmálinu</li></ul>
<b>Námsmarkmið (í stafrænni vinnslu)</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Grunnþekking á notkun stafrænnar myndavélar</li><li>• Að færa myndir yfir í tölvu</li><li>• Að klippa myndefni með hugbúnaði á borð við Moviemaker eða iMovie</li><li>• Að bæta við hljóðspori/ textum</li></ul>
<b>Nauðsynlegur búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að minnsta kosti ein stafræn myndavél</li><li>• Hugbúnaður til að klippa myndbönd</li><li>• Skjávarpi til að sýna árangurinn</li></ul>

## Dæmi



**Byrjendur** - Kyrrmyndir. Að búa til sögu með kyrrmyndum.



**Millistig** - Að klippa kyrrmyndir, bæta við textum, undirtextum og hljóðspori og/eða talsetningu til að gera söguna áhugaverðari.



**Framhaldsstig** - Gerð myndbanda, að búa til smásögu með textum, undirtextum og hljóðspori, ef vill.



# SJÓNVARPSFRÉTTIR

**Sjónvarpsfréttir** eru næsta skref í gerð myndbanda og tungumálanámi og kynningu. Nemendurnir geta samið stutt handrit og gert upptökur í horni kennslustofunnar og bætt við myndefni, stuttum viðtölum eða öðru efni sem tekið var upp á undan. Hægt er að vinna efnið hvort sem er á erlendu tungumáli eða móðurmálinu.

## Lýsing

Mesta vinnan við vinnslu sjónvarpsfrétta er að skrifa handritið. Það verk hentar vel í kennslustofunni. Ef vinna á fréttatímamann á móðurmálinu er hægt að gefa sér betri tíma við málfar á fréttaeftinu. Hvettu nemendur til þess að vinna með formlegt málsnið og semja nákvæmlega orðuð og fræðandi handrit. Spurnarfornöfnin fjögur eru góður vegvísir við fréttaskriftir: **Hvað? Hvenær? Hvar? Hver? ...**

Fyrst þarf að ákveða þema fréttapáttarins og svo er 3 - 4 manna nemendahópum fengnar ákveðnar fréttir sem saman mynda heilan fréttatíma. Þemun geta tengst hinum ýmsu skólaverkefnum og atburðum í skólanum eða samfélaginu. Það er einnig hægt að vinna með erlend tungumál og aðrar greinar. Hver frétt má ekki vera lengri en tvær mínútur svo fréttatíminn í heild sinni verði ekki þreytandi.

Nemendur mega semja sín eigin handrit sem heimaverkefni og taka upp og/eða klippa efnið eftir skóla, sé tími af skornum skammti. Veldu þá sem eiga að vera fréttapular, tókumaður, hljóðmaður og upptökustjóri áður en vinnslan hefst.

# Kennsluáætlun

Ítarlegri gögn er að  
finna á Netinu:  
<http://divisproject.eu>

<b>Markhópur</b>	Aldurshópurinn: 8 til 18 ára
<b>Nauðsynleg tungumálakunnátta</b>	A2 / B1
<b>Nauðsynleg færni (stafræn vinnsla)</b>	Engin
<b>Námsmarkmið (í tungumálinu)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að beita erlendu tungumáli á virkan hátt</li> <li>• Að kynnst því hvernig fréttatexti er unninn</li> <li>• Að styðja við kynningarfærni - að lesa handritið</li> </ul>
<b>Námsmarkmið (í stafrænni vinnslu)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grunn / lengra komin þekking á notkun tökuvélar (eða myndavélar) / farsíma með myndbandsmöguleikum)</li> <li>• Grunnþekking á hljóðupptöku</li> <li>• Að færa myndefni yfir í tölvu</li> <li>• Grunn / lengra komin þekking á því að klippa með hugbúnaði á borð við Moviemaker eða iMovie (ef vill)</li> <li>• Að deila myndböndum á Netinu (YouTube)</li> </ul>
<b>Nauðsynlegur búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að minnsta kosti ein tökuvél á þrífæti, helst með lausum hljóðnema fyrir bætta hljóðupptöku</li> <li>• Hugbúnaður til að klippa (ef vill)</li> <li>• Skjávarpí til að sýna árangurinn</li> </ul>

## Dæmi



**Byrjendur** - Ein tókustaða án myndklippinga. Settu upp mjög einfalt fréttamyndver í stofu (kennslustofu) með tókuvél á þrífæti og klipptu myndina í vélinni með því að setja vélinu í gang fyrir hvert atriði og stöðva hana svo og sýna síðan myndefnið á eftir eða deila því.



**Millistig** - Að klippa inn í efnið viðbótar myndum/myndskeiðum. Bætið myndefni inn í fréttabáttinn (t.d. áhugaverðar kyrrmyndir tengdar fréttunum eða stutt myndskeið með viðtölum) og svo klippið þið allan þáttinn á eftir.



**Framhaldsstig** - Kvikmyndið á ýmsum stöðum og klippið. Takið upp fréttæfni á staðnum, takið með áhugaverð viðtöl og klippið svo fréttabáttinn í heild sinni með textum, undirtextum og hljóðspori.



# TÆKNILEGUR

# STUÐNINGUR

**Grunnupplýsingar** um myndbandagerð í þessum kafla er að finna ýmsar leiðbeiningar um myndbandstækni sem nauðsynlegt er að hafa vald á til þess að geta unnið samkvæmt ábendingum okkar.

Hér er ekki um að ræða ítarlega tæknilega fræðslu heldur frekar yfirlit yfir það sem þú þarft að kunna á. Þótt þú sért kennarinn þarftu ekki að vita allt um myndvandavinnslu. Það er útilokað á okkar tímum.

Hikaðu ekki við að leita tæknilegrar aðstoðar hjá nemendum þínum. Þú þarft að hafa hugtökin á takteinum en þú þarft ekki að kunna á allan tæknibúnaðinn. Og það er algjör óþarfi að æða út í búð og kaupa nýjustu tökuvélina. Þú ert að öllum líkindum með nóg af búnaði nú þegar til þess að hefjast handa.

Það er þó nauðsynlegt að undirbúa verkefnið fyrir fram. Fátt er ergilegra en að þurfa að reyna að glöggva sig á myndbandstækni málum í kennslustund.

Mikilvægt er að öll tæki og tól sem unnið er með séu samrýmanleg en það er reyndar eitt stærsta vandamálið í myndbandavinnslu.



**Við viljum einkum draga fram þrjá mikilvæga þætti:**

## 1. Tækni til að taka upp myndbönd:

Það er hægt að taka myndefni upp á ýmsar tegundir af handheldum tækjum. **Þar má nefna farsíma, rafrænar dagbækur, ljósmyndavélar og tölvur með innbyggðri myndavél.**

Þú getur valið þér tækjabúnað að vild en hafðu í huga að myndgæði og einkum þó hljóðgæði geta verið mjög mismunandi. Það er þó ekkert aðalatriði við gerð fyrstu myndbandanna.

Við vinnum með mörgum kennurum sem ná góðum árangri með venjulegum ljósmyndavélum. Gott er að hafa eina myndavél fyrir hvern nemendahóp en það er líka hægt að vinna verkið með bara einni myndavél ef tryggt er að allir geti skipst á um að nota hana.

## 2. Kannaðu hvort það sé ekki örugglega hægt að flytja myndefnið yfir í tölvu:

Þetta þarftu að kanna áður en hafist er handa með verkefnin. Það þarf að flytja myndefnið yfir í tölvu áður en klipping getur hafist.

Aðferðin er í stórum dráttum af **tvennum toga**:

- **Spólumyndavélar** (eldri tökuvélar): Þú verður að hafa „fire wire“ kapal (líka nefndur IEEE 1394 eða iLink) til þess að afrita myndefnið inn í tölvuna.
- **Myndavélar með minniskorti**: Þá er kortalesari eða USB-kapall notaður til þess að afrita myndefnið inn í tölvuna.

Ef þú notar **myndbandsmöguleikann í farsíma** er oft hægt að nota „Bluetooth“ til þess að afrita myndefnið inn í tölvuna.

## 3. Athugaðu hvort hægt er að flytja myndefnið inn í klippihugbúnaðinn:

Þegar búið er að vista öll myndskreiðin í tölvunni (gættu þess að muna hvar þú hefur þau!) er hægt að flytja þau inn í klippihugbúnaðinn.

Við notum yfirleitt **Moviemaker** í Windows-stýrikerfinu vegna þess að hugbúnaðurinn fylgir yfirleitt öllum tölvum með Windows (annars er hægt að hlaða honum niður ókeypis frá Microsoft) eða **iMovie** í Macintosh-tölvum (eða Pinnacle Studio sem katalónski skólinn notaði).

Best er að ekki séu fleiri en þrjú nemendur að vinna í sömu tölvunni í einu þannig að skynsamlegast er að klippa myndefnið í tölvustofu skólans.

Svo er líka hægt að klippa í fartölvum og nemendur geta tekið það með sér sem heimaverkefni (einkum í efstu bekkjum grunnskóla eða framhaldsskólum).

**Við mælum auk þess með að þú útvegir eftirfarandi áður en hafist er handa með myndbandsverkefni:**

- Notandareikning hjá myndbandavefsíðu (YouTube, Vimeo o.s.frv.)
- Aðgang að Netinu
- Skjávarpa til þess að sýna árangurinn

Ítarlegri gögn er að  
finna á Netinu:  
<http://divisproject.eu>

**Það er einfalt mál að nota tökuvé.** Tökurnar sjálfar krefjast lítillar tækniþekkingar og nemendur í yngri bekkjum grunnskóla eiga ekki í neinum erfiðleikum með tökuvélar. Við bendum þó á nokkur atriði sem gætu komið sér vel í vinnslunni.

**Undirbúningur** Þetta eru nokkrir þættir sem í raun liggja í augum uppi en vilja samt gleymast. Gættu þess að rafhlaðan sé fullhlaðin þegar upptökur hefjast. Gott er að eiga (fullhlaðna) rafhlöðu til vara þegar til stendur að taka upp mikið efni. Tryggja þarf að nóg rými sé á upptökumiðlinum (böndum eða minniskortum) fyrir efnið. Hafðu leiðslur/kapla við hendina til þess að geta horft á efnið á skjá að upptökum loknum, ef við á.


**Laus hljóðnemi** Gott hljóð er mjög mikilvægt við vinnslu myndbanda í tungumálakennslu. Laus hljóðnemi getur komið að miklu gagni vegna þess að þá er hljóð tekið upp nær leikara / kynni / hljóðgjafa. Gættu þess að rafhlöður séu hlaðnar og að kveikt sé á hljóðnemanum. Best er að fylgjast með hljómgæðum með heyrnartólum á meðan upptaka á sér stað.

Fátt er verra en að komast að því þegar öllum tökum er lokið að hljóðupptakan mistókst. Það er líka hægt að talsetja efnið í tengslum við klippingu.

**Að þysja (súmma) og skotra (pana)** Það er freistandi að þysja inn eða út í upptökum en við hvetjum nemendur yfirleitt til þess að nota ekki þennan möguleika. Það er gott að geta þysjað til þess að breyta brennivíddinni áður en taka hefst en það getur verið truflandi að gera það í miðri töku. Sama máli gegnir um að halla vélinni sífellt upp og niður eða skotra. Börnum finnst þau oft verða að ná öllu á mynd með snöggum hreyfingum en það er mun nauðsynlegra að einbeita sér að aðalviðfangsefninu í einum mynddramma.

**Prífótur** Prífótur getur komið sér mjög vel við kyrrstæðar myndatökur og nærmyndir. Hann er einkum gagnlegur þegar kynnið er með ungum börnum sem eiga erfitt með að halda vélinni stöðugri og kyrrri. Einnig geta fleiri börn tekið þátt í upptökuferlinu með því að horfa saman á kristalskjáinn. Gættu þess að nota nógu þungan prífót svo ekki sé auðvelt að velta honum.

**Gættu myndavélarinnar** Það er góð öryggisráðstöfun að hafa ól á myndavélinni. Ekki nota myndavélina í votviðri nema henni sé hlíft vel.





# Samantekt um klippingu myndbanda

Allri myndbandaklippingu er hægt að skipta í þrjú þrep:

**1. Yfirfærsla** Með því er átt við að myndefnið er afritað á harðan disk tölvunnar. Þetta er hægt að gera á rauntíma með „fire wire“ kapli (líka nefnt IEEE 1394 eða iLink), sé notast við tökuvél með spólu.

Sé um stafræna myndavél að ræða er afritað með USB-kapli (einkum tökuvélar með hörðum diskum eða mini-DVD) eða með kortalesara (vélar með flash-minniskorti).

**2. Að klippa myndefnið** Nú er allt til reiðu og hægt að hefjast handa við aðalverkið, sjálfa klippinguna. Þá eru myndskleiðin stytta, það efni fjarlæggt sem ekki á að nota eða niðurröðun breytt. Einnig er hægt að bæta við sjónrænum áhrifum á borð við lit eða birtu eða tengja atriði saman með ýmsum hætti.

Hægt er að leggja texta og skjátexta ofan á allt myndefni eða bæta því við á undan eða í lok myndbandsins. Einnig má bæta við áhrifshljóðum og tónlist til þess að styrkja við boðskap efnisins.

**3. Að flytja myndbandið út** Þegar efnið er fullklippið er það afritað og flutt út. Þá er búin til ný myndbandsskrá sem hægt er að sýna óháð klippihugbúnaðinum. Ef þú ætlar að hlaða upp eða streyma myndbandinu þínu er þessi skrá nauðsynleg. Streymisgáttir gefa upplýsingar um þjöppun. Það getur tekið langan tíma að flytja efnið út í miklum gæðum og þú gætir þurft að flytja myndbandið út og hlaða því upp nokkrum sinnum ef þú ert ekki ánægð(ur) með endanlega útkomu.

Að lokum: Í klippihugbúnaði er yfirleitt að finna möguleika á alls konar mynd- og hljóðbrellum. Sumar geta verið áhugaverðar en þú verður að gæta þess að klippitímanum sé ekki sóað í leiki með brellum og val á leturgerðum heldur í sjálft umfjöllunarefnið og skilaboð myndbandsins.

**Að birta myndskleiðið** Þegar búin er að flytja myndina út sem myndbandsskrá er hægt að hlaða henni upp á myndbandavefsíður, t.d. **youtube.com**, **teachertube.com** eða **vimeo.com**.

Það er gert á eftirfarandi hátt:

1. Búðu til notandareikning hjá streymisgáttinni
2. Hladdu myndbandsskránni upp.
3. Gefðu skránni heiti og lýstu henni í stuttu máli með nokkrum lykilorðum.

Það er nauðsynlegt að skrá upplýsingar um myndskreiðið svo aðrir geti fundið það. Ef þú skrifar bara „Fyrsta myndbandið“ finnur það sennilega ekki nokkur maður.

Veltu fyrir þér viðeigandi titlum (t.d. „Íslensk orð - líkami“), góðri lýsingu á innihaldi myndskreiðsins og gagnlegum töggum á borð við „Íslenska, tungumál, grunnskóli“. Gættu þess einnig að haka við réttan flokk (t.d. „Menntun“).

Taktu fullt tillit til reglna um persónuvernd. Ekki láta fylgja með persónulegar upplýsingar (þar með talin pósthöfundur og netfang)!

Myndbandavefsíðan birtir vefslóð sem þú getur afritað og límt inn til þess að deila með nemendum, fjölskyldu eða samstarfsfólki. Það er líka hægt að fella myndskreiðið sem þú hlóðst upp inn á heimasíðu þína eða bloggsíðu.



DIVIS-teymið:

**Armin Hottmann**, Kulturing in Berlin e.V., Berlín

**Derk Sassen**, Talenacademie, Maastricht

**Dolors Masats, Melinda Dooly og Oscar Bermell**,  
Óháða háskólanum í Barcelóna

**Rosa Salvado Geli og Xavier Costa**,  
Katalónska forskólanum og barnaskólanum í Navarcles

**Carmen Nicolescu**, Háskólanum í Pitesti

**Pam Tipping, Nicole Robinson og Marie-France Noel**,  
PNM Languages Services Limited, Canterbury

**Michael Dal**, Háskóla Íslands

Tengill:

**Michael Dal**

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Stakkahlíð  
105 Reykjavík

Netfang: [armin.hottmann@mediaeducation.net](mailto:armin.hottmann@mediaeducation.net)

Veffang: <http://divisproject.eu>

Með stuðningi frá *Símenntunaráætluninni*  
2007 - 2013 á vegum ESB.

The ISBN-number is: 978-9935-406-07-1



Verkefnið fékk fjárhagslegan stuðning frá framkvæmdastjórn ESB.

Höfundur ber einn alla ábyrgð á útgáfunni og framkvæmdastjórn ESB ber enga ábyrgð á neinni mögulegri notkun þeirra upplýsinga sem hér er að finna.

©2010 DIVIS Project

Creative Commons höfundarréttarleyfi - Má ekki nota í ábataskyni - Má ekki nota í önnur verk

